

Aðalfundur Íslenska safnaðarins 2020

Fundargerð aðalfundar Íslenska safnaðarins í Noregi 3.maí 2020,
sendur út á netinu frá Ólafíustofu.

Dagskrá aðalfundar

- 1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað.**
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**
- 3. Skýrsla stjórnar.**
- 4. Stefna safnaðar og stjórnar.**
- 5. Skýrsla sóknarprests.**
- 6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram til samþykktar.**
- 7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn.**
- 8. Tillögur.**
 - Ein tillaga hefur borist fundinum.
- 9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir.**
- 10. Önnur mál.**
 - Mál fyrrum formanns
 - Kynning á nýrri persónuverndarstefnu

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Dagskrá aðalfundar | 1 |
| Formaður aðalstjórnar, Jónína Arnórsdóttir setur fundinn kl.14.00 | 3 |
| 1.Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað..... | 3 |
| 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara. | 3 |
| 3. Skýrsla stjórnar..... | 3 |
| 4. Stefna safnaðar og stjórnar..... | 4 |
| 5. Skýrsla sóknarprests..... | 5 |
| 6. Skýrsla Ólafiusjóðs | 6 |
| 7. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram til samþykktar. | 8 |
| 8. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn. | 12 |
| 9. Tillögur. | 13 |
| 10. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir. | 13 |
| 11. Önnur mál. | 14 |

Formaður aðalstjórnar, Jónína Arnórsdóttir setur fundinn kl.14.00

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað.

Formaður aðalstjórnar, Jónína Arnórsdóttir býður fundargesti velkomna og þakkar fyrir þáttökuna við þessar sérstöku aðstæður þar sem senda þurfi aðalfund safnaðarins út á netinu vegna samkomubanns. Því næst kannar formaður hvort löglega hafi verið boðað til fundar sem var gert og er staðfest af þáttakendum.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður stjórnar, Jónína Margrét Arnórsdóttir spyr hvort fundargestir leggist gegn því að Steinunn Þórðardóttir taki að sér störf fundarstjóra og Berglind Gunnarsdóttir störf ritara. Engin mótframboð né mótmæli gagnvart því.

Steinunn Þórðardóttir settur fundarstjóri fær orðið og fer yfir örfá atriði hvað varðar fjarfund.

3. Skýrsla stjórnar.

Jónína formaður stjórnar fer yfir skýrslu stjórnar í stuttu máli. Það urðu engar breytingar á stjórn á síðasta aðalfundi en fljótlega eftir aðalfund hætti Rúnar sem formaður stjórnar og Jónína tók við og Katla Sveinbjörnsdóttir kom inn sem varamaður stjórnar og tók sæti sem varaformaður.

Eitt fyrsta verkum stjórnar var að ráða nýjan starfsmann á skrifstofu. Þá var einnig innleitt nýtt bókhaldskerfi og gerður samstarfssamningur við Önnu Guðnýju Júlíusdóttur lögfræðing. Keyptur var nýr prestbústaður í Mortensrud í Ósló og Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Þorvaldur Davíðsson, biskupsritari komu í heimsókn, veittu fræðslu og voru við innsetningarmessu sr. Ingu Harðardóttur nýs sóknarprest safnaðarins.

Menningar og listanefnd var lögð niður og þess í stað var Freydís Heiðarsdóttir ráðin tímabundið í hlutastarf sem menningarfulltrúi.

Mikil vinna hefur verið lögð í að byggja upp starf á landsbyggðinni og fóru prestur og formaður á fleiri staði fyrir jóla. Þá var lagður grunnur að áframhaldandi samstarfi íslensku safnaðanna í Skandinavíu með sameiginlegum fundi og námskeiðum í Gautaborg eina helgi í febrúar.

Starfsemi Ólafíustofu hefur verið að aukast og kominn vísir að íslensku bókasafni.

Ný persónuverndarstefna hefur verið skráð niður og verður kynnt hér á eftir.

Ákveðið var að hefja sameiginlega málsókn með sænsku og finnsku kirkjunum gegn Barna og fjölskylduráðuneytinu að tillögu Sivilombudsmannen.

Safnaðarmeðlimir komnir yfir 7400 og því bjartari tímar framundan. Við munum styðja við prest og starfsfólk eftir bestu getu við sína vinnu.

Skýrsluna má í heild sinni finna á ársskýrslu 2019 sem finna má á heimasíðu safnaðarins, www.kirkjan.no.

4. Stefna safnaðar og stjórnar.

Formaður fer yfir stefnu safnaðar og þar kemur fram að söfnuðurinn er fyrir alla Íslendinga í Noregi og leggur áherslu á fjölbreytt starf í samstarfi við Íslendinga búsetta þar.

Söfnuðurinn boðar kristna trú og heldur uppi reglulegu helgihaldi. Einnig er í boði fræðsla, samvera og kærleikspjónusta. Allt starf skal vera aðgengilegt fötluðum.

Söfnuðurinn styður við Ólafíusjóð, sem er hjálparsjóður nauðstaddra Íslendinga í Noregi

Leggur einnig rækt við íslenska menningu og tungu í víðum skilningi og leggur mikla áherslu á umhverfisvernd.

Er opin og frjálshyggju kirkja sem leggur rækt við samvinnu og samstarf.

Formaður fer yfir stefnu stjórnar sem einbeitir sér að því að gæta hagsmuna safnaðar og vinna að aukinni uppbyggingu á starfsemi hans, og það er vilji stjórnar að koma til móts við Íslendinga í Noregi.

Það er einnig í stefnu stjórnar að skila jákvæðum ársreikningum og eiga varasjóð ásamt því að styrkja Ólafúsjóð á hverju ári.

Þá vill stjórn reka áfram skrifstofuhúsnæði og prestbústað í Ósló.

Stjórn vill hafa hæft ábyrgðarsamt og fjölhæft starfsfólk og halda úti lifandi og vönduðum samfélagsmiðlum, nýta örugga upplýsingatækni og halda eigið meðlimatal.

Efla fjölskylduvænt starfsumhverfi og eiga gott samstarf við utanaðkomandi aðila og gæta trúnaðar og heiðarleika í því.

5. Skýrsla sóknarprests.

Sr. Inga Harðadóttir hefur orð sín á að fagna þeirri gæfu að hafa komið til starfa á vordögum á krefjandi tímum en að starfið hafi verið spennandi og gefandi frá fyrstu stund.

Þakkar stjórn fyrir góðar móttökur og starfsmönnum fyrir hugmyndarríkt og gæfuríkt samstarf.

Helstu verkefni í vetur hafa verið helgihald og prestþjónusta, og var messað á fleiri stöðum um landið.

Hún nefnir einnig að þann vilja sinn og stjórnar að vera lifandi kirkja í góðum tengslum við Íslendinga, það séu allar kynslóðir jafn mikilvægar og að allir upplifi að þeir séu velkomnir.

Þá minnst hún á hugtakið Messy church, sem er nýtt messuform sem við erum að innleiða. Í því sé fólgin mikil messu gleði og fjölskyldusamvera.

Jólamesurnar eru mikilvægur hluti út um allt land og leiðir af sé fjölbreytt og ólíkt helgihald sem sé aðlagð að hverjum stað fyrir sig.

Menningarhlutinn en stór hluti af starfinu og starf menningarfulltrúa verið mikilvægt.

Húsnæðismál hafa verið stór hluti af starfinu í haust. Við höfum ekki haft fastan samning um húsnæði fyrir helgihald vegna þess að það er verið að taka í gegn Nordberg kirkju þar sem við höfum haldið til. Því hefur mikil orka farið í það finna húsnæði fyrir hvern viðburð, en það sem er jákvætt í því að við erum búin að þreifa okkur áfram með hvað hentar okkur best.

Sálgæsla hefur verið virk, talsvert um viðtöl og vitjanir.

Safnaðarstarf viljum byggja upp á sem flestum stöðum um landið. Erum að stefna á enn fleiri staði. Fórum t.d. með fjölskyldudag til þrándheims til að kynna starfið og tengjast fólkinu þar.

Samstarf gengur ekki upp nema með góðum samstarfsaðilum. Má þar nefna Íslendingafélögin, íslensku kórana og finnsku, sænsku og norsku kirkjuna. Einnig íslenska þjóðkirkjan og íslenskir prestar í norsku kirkjunni sem hafa aðstoðað okkur.

Uppbygging gerist ekki á einni nóttu en hér er mikill mannauður og mikill metnaður.

Inga þakkar að lokum öllum sem eru mættir, hafa mætt og þeim sem vilja mæta, og biður guð að blessa alla þá lifandi steina sem mynda söfnuðinn.

6. Skýrsla Ólafíusjóðs

Sr. Inga Harðardóttir fer yfir stöðu og hlutverk Ólafíusjóðs. Sjálf starfar hún fyrir sjóðinn en situr ekki í stjórn.

Í stjórn hafa setið eftirfarandi:

Rannveig María Gísladóttir – formaður

Ágústa María Arnardóttir Figved

Steinunn Þórðardóttir

Guðbjörg Magnúsdóttir - varamaður

Í vetur hafi verið haldnir 10 fundur, flestir á netinu.

Stjórnin hafi unnið mikið að breytingu á stöðu sjóðsins, þ.e. að gera hann að sjálfstæðri einingu. Ólafíusjóður á að vera sjálfseignarstofnun rekin af íslenska söfnuðinum í Noregi en söfnuðurinn er jafnframt helsti styrktaraðili sjóðsins.

Sjóðnum hafi borist 7 umsóknir í vetur sem fengu jákvætt svar en þremur beiðnum var hafnað. Heildarupphæð úthlutana var 58.000,-

Tekjur síðasta árs voru kr.50.000,- og gjafir hljóðuðu upp á kr. 3.175,-. Í sjóðnum voru við árs lok 2019. kr. 62.177,47,-

Orðið gefið frjálst fyrir spurningar

Pórhallur (*fundargestur*) tekur til máls og beinir spurningum sínum til Jónínu formanns stjórnar, alls þrjár talsins.

1. Hvar stendur málið vegna málsóknar safnaðarins?

Ingvar, gjaldkeri svarar og segir að hann og sr. Inga fylgi því máli eftir fyrir hönd safnaðarins. Norska, sænska og finnska kirkjan sitja líka fundina, þar sem málsóknin er sameiginleg. Málið hefur staðið síðan árið 2017 eftir hvatningu frá Sivilombudsmannen og mikil grunnvinna og gagnaöflun átt sér stað. Fyrirhuguð tímasetning, á því að málið verði lagt fyrir dómstóla í lok apríl.

Málið verður lagt fram bæði gegn ríki og svo hverri kommúnu fyrir sig. Lögfræðingurinn telur að þetta getið tekið 3 ár.

2. Verður farið í nýtt átak til að fá inn fleiri meðlimi?

Ingvar svarar áfram, og segir frá nýafstöðnu átaki sem farið var í vegna skekkju í meðlimatalinu. Börn sóknarmeðlima voru ekki skráðir meðlimir og því var hringt út til allra foreldra. Einnig er verið að hafa samband við þá sem flytja til Noregs. Annarsvegar þá sem hafa verið í íslensku þjóðkirkjunni, og hinsvegar þá sem hafa hugsanlega hafa verið í öðrum trúfélögum.

3. Mikilvægt að það séu góð samskipti við meðlimi og hver er staðan á fréttabréfi safnaðarins, kemur það aftur?

Ingvar svarar því að fréttabréf ætti að koma út á næstu dögum og svo er stefnan að það komi út 6 sinnum á ári.

Þórhallur segist vera þakklátur fyrir að söfnuðurinn hafi fengið Ingu til okkar og það er jákvætt á sjá hvað það hafa verið haldnar margar jólamessur. Hann býður Ingu hjartanlega velkomna og segir þetta nýja messuform (Kirkjubrall) alveg frábært.

5 mínútna fundarhlé.

7. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram til samþykktar.

Gjaldkeri safnaðarins, Ingvar Ingólfsson, fer yfir fjárhagsáætlun og ársreikninga safnaðarins.

Hann les upp niðurstöður og kynnir ársreikninga. *Ársreikninga má finna í heild sinni í ársskýrslu safnaðarins sem finna má á heimasíðu safnaðarins.*

Innkoma: 7.048.432,- kr.

Rekstrarkostnaður: 4.978.635,- kr.

Hagnaður: 2.032.499,- kr.

Bókfærðar eignir 31.12.2019 voru: *14.527.037,- kr* þar af var innistæða á bönkum *4.507.507,- kr* og skuldir *3.394.147,- kr* sem stafa af láni vegna prestsbústaðs.

Á árinu var keyptur prestsbústaður sem er leigður út til prests, húsið kostaði 5.895.000,- kr og er það bókfært virði við árslok, bókfært virði Ólafíustofu er 3.544.205,- kr. Það verður að teljast talsvert undir raunvirði.

Það var borgað aukalega inn á lánið á árinu sem lækkaði það talsvert.

Ársreikningar þessir hafa verið samþykktir af löggiltum endurskoðanda, Tom Sverre Bang frá Glommen Revisjon AS.

Ingvar ber því næst ársreikninga upp til samykktar, og eru fundargestir beðnir um að sýna samþykki sitt með því að rétta upp hönd. Fundarstjóri tilkynnir að ársreikningarnir séu samþykktir með meirihluta.

Fjárhagsáætlun 2020

7432 skráðir meðlimir voru sendir inn til Fylkesmannen.

Það eru alltaf einhverjir meðlimir sem er hafnað vegna tvískráningu eða annarra leiðréttinga.

Heildaratekjur ættu, miðað við að 90% innsendra verði samþykkt, að verða 7.866.037,- kr

Heildarkostnaður er áætlaður: 6.427.687,- kr

Áætlaður jákvæður rekstrarafgangur er um 1.438.350,- kr.

Sundurliðun á tekjum er eftirfarandi:

| | |
|---------------------------|----------------|
| Sóknargjöld | 7.264.036,- kr |
| Leigutekjur | 252.000,-kr |
| Endurgreiddur vsk | 250.000,-kr |
| Styrkur frá Þjóðkirkjunni | 75.000,- kr |
| Vextir | 25.000,- kr |

Leigutekjur eru aðallega vegna prestbústaðar og aðeins vegna Ólafíustofu.

Styrkir frá þjóðkirkjunni eru breytilegir vegna gengis. Jöfnunarstyrkur, sem við fáum þaðan er nýttur til þess að halda upp samstarfi við hina íslensku söfnuðina á norðurlöndunum.

Fjárhagsáætlun

Er gerð vel rúmlega til þess að tryggja jákvæða útkomu.

Stærstu flokkarnir eru:

Börn (- sunnudagaskóli, laun, jólasveinanammi, sumarbúðir)

Unglingastarf (-laun, hittingar, unglingshelgi, leiðtogaþjálfun)

Heldri borgarar (samkomur og vorferðalag)

Fermingarfræðsla (laun fyrir leiðtoga, fermingarferðir)

Ólafúsjóður (styrkur, rekstur(laun stjórnar /þóknun -*Sjóðurinn ber engann kostnað sjálfur, kostnaður fellur á söfnuðinn*).

Fullorðinsfræðsla (laun)

Stjórnun (þóknun stjórnar og laun starfsmanna.)

Menning (laun, leiga á húsnæði)

Prestþjónusta (allt helgihald)

Ólafíustofa (rekstur skrifstofu)

Prestbústaður (afborgun af lánum og viðhald)

Samtals rekstur kr. 6.427.687,-

Þarf af Laun kr. 2.922.895,-

Liður 10 í bókhaldi hefur verið felldur inn í annan og er því ógildur.

Stórir kostnaðarliðir 2020

Sumaðrbúðir

Auka barnastarf

Senda ungmenni á æskulýðsmót á Íslandi

Stofnframlag til Ólafúsjóðs 100.000,-

Ný heimasíða og ytri ímynd safnaðar, samfélagsmiðlar og fréttabréf.

Nýtt kerfi til að halda utan um meðlimatal

Nýr stór menningarviðburður,

Fjölga viðburðum út um allt land og prestþjónustu

Ólafústofa hefur ekki enn verið tekin út af Osló kommúnu en er vonandi á lokametrum.

þarf að setja nýja ofna í prestbústað og skipta um yfirborð á verönd við prestbústaðinn.

Orðið gefið laust fyrir spurningar um fjármál.

Þórhallur, fundargestur biður um orðið og hrósar fyrir vel unnin störf við fjármál og fjárhagsáætlun.

Spyr einnig hvort komin séu plön um að styrkja Íslendingafélögin bæði til að koma af stað starfi og til að efla starfið?

Ingvar svarar að það sé verið að styrkja þau félög sem eru í samstarfi við söfnuðinn og styrkja sérstaklega vegna helgihalds. Öll Íslendingafélögin geta sótt um styrk.

Margir bæir þar sem staða Íslendingafélaga er veik, getur söfnður styrkt fundarhald úti á landi til að efla starfið úti á landi?

Við höfum verið að finna nýja tengiliði og efla samstarf við þá sem eru til staðar.

Þórhallur hvetur söfnuðinn til þess að standa á bakvið og hvetja til starfs um allt landið.

Hann óskar einnig eftir skýringum á stökum kostnaðarliðum sem hann fær að einhverju leiti þar til fundstjóri biður um að svo flóknar spurningar sé sendar skriflega til gjaldkera.

Þórhallur þakkar fyrir og þykir jákvætt að gjalderi geti svarað svona vel fyrir áætlun og rekstur

Gjaldkeri ber upp fjárhagáætlun til samþykktar sem hann fær.

8. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn.

Rannveig formaður kjörnefndar tekur til máls og les upp nöfn þeirra sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu.

Til aðalstjórnar eru í framboði, Katla Sveinbjörnsdóttir og Elín Soffía Pilkington.

Fundarsjóri tekur fram að sé einhver sem vilji bjóða sig fram sé möguleiki á því.

Engin önnur framboð berast og því eru þær sjálfkosnar til aðalstjórnar.

Rannveig kynnir frambjóðendur til kosninga í varastjórn.

Í framboði eru:

Sverrir Már Gunnarsson

Guðlaug Ósk, sem ekki er á fundi.

Eyjólfur Magnússon

Kolbrún Rut Ragnarsdóttir

Guðjón Andri Rabbevaag

Niðurstöður kosningar eru þær að Sverrir, Eyjólfur, Kolbrún og Guðjón taka sæti sem varamenn.

Rannveig verður að vikja af fundi vena vinnu en gefur umboð sitt til Fundarstjóra, og formanns til að klára megi aðrar kosningar.

9. Tillögur.

Ein tillaga hefur borist fundinum og hana er að finna í fundarboði.

Ingvar les upp tillöguna um að leggja niður Menningar og listanefn og þess í stað komi staða menningarfulltrúa sem beri sömu skyldur og nefndin hafi haft..

Fundarstjóri óskar eftir athugasemdum eða spurningum sem eru engar.

Tillagan er borin upp til samþykktar og samþykkt án athugasemda.

10. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir.

Óskað er eftir framboðum til laganevndar.

Athugasemd berst frá fundargesti að í fundargerð frá síðasta aðalfundi séu nefndir 4 aðilar sem allir hafi verið samþykktir til nefndasetu. En í nýrri gögnum eru bara þrír fyrstu nefndir.

Formaður stjórnar svarar því að þetta bara 3 manna nefnd og gjaldkeri staðfestir það eftir að hafa skoðað gögnin.

Tvö framboð berast, Rebekka Ingibjartsdóttir sem setið hefur í stjórn safnaðarins í 2 ár og Þórhallur Guðmundsson.

Niðurstaða kosninga fer þannig að Rebekka hlýtur 81% atkvæða og er því nýr nefndarmaður laganefndar.

Þór Garðarsson og Björn Hallbeck sitja áfram í laganefnd.

Kosning til kjörnefndar

Einn frambjóðandi, Sverrir Már Gunnarsson.

Fundarstjóri spyr eftir mótframboðum en fær engin og Sverrir telst því sjálfkjörin.

11. Önnur mál.

Mál fyrrum formanns

Anna Guðný Júlíusdóttir lögfræðingur tekur til máls, hún hefur starfað með söfnuðinum um tíma og átt gott samstarf.

Það kom upp ósk um að þetta mál yrði tekið upp á fundinum.

Í starfi fyrrverandi formanns komu upp trúnaðarbræstir og á síðasta aðalfundi sagði hann upp sínu starfi. Anna Guðný tekur fram að sé viðkvæmt mál vegna persónuverndar en hún mun reyna að svara eins og hægt er.

Fundastjóri spyr hvort einhver sé með spurningar.

Fundargestur nefnir blaðagrein á Vísi og að það ætti að ræða betur eftir messu til upplýsinga. Hinsvegar hafi málið lognast út af og ekkert verið rætt. Það væri eðlilegt að stjórn myndi greina frá því hver niðurstaðan væri og hvernig málið hefði verið unnið.

Anna segir að vilji hafi verið fyrir því að leysa málið, það var ekki frumkvæði stjórnar né hennar að blaðamenn fengju upplýsingar, blaðamenn höfðu samband vegna tölvupósts sem fór af stað og því þótti stjórn og lögfræðingi rétt að greina frá því sem gerst hefði.

Fundargestur nefnir að það sé mikilvægt að upplýsa um málalok til að byggja upp trúnað og segja frá, stíga verði varlega til jarðar vegna persónuupplýsinga en fólk verði að fá að vita hvernig málið endar.

Anna skilur það en persónuverndin er sterk og því erfitt að að tala um málið Er eitthvað sérstakt sem fólk vilji vita?

Fundargestur segir að fólk sem sé kosið til trúnaðarstarfa starfi fyrir okkur, hafi verið kært til lögreglu en svo fáum við ekkert að vita. Það verði að svara fyrir svona mál og mikilvægt að vera opin um svona mál.

Anna segir að fyrrum formaður hafi ekki kærður vegna fjárdrátt og fjármagni hafi verið skilað til baka. Svarað hafi verið fyrir málið í blaðagrein og því sé hægt að fletta upp, höfum ekki ástæðu til að leyna neinu en þetta sé sorgarsaga.

Fundarstjóri óskar eftir að þessi tillaga verði lögð til bókunar og hún sé nú fullrædd. Komið hafi fram mikilvægi þess að hafa hluti uppi á borðum. Fundargestur samþykkir það.

Kynning á nýrri persónuverndarstefnu

Katla Sveinbjörnsdóttir varaformaður kynnir og fer yfir nýja persónuverndarstefnu safnaðarins.

Persónuverndarstefnuna í heild sinni má finna á heimasíðu safnaðarins.

Formaður þakkar fyrir áheyrn og góðan fund.

Fundarstjóri slítur fundi og þakkar fyrir fundinn.